



Skólaráðsfundur 13.11.2025

Mættir: Ingibjörg Magnúsdóttir, Fjóla Sigrún Sigurðardóttir, Valgerður Hjaltadóttir, Jessica Sól Helgudóttir, Hólmfríður Þórisdóttir, Berglind Sif Ástþórsdóttir og Guðmundur Ragnar Guðjónsson (afleysing f Ýmir Míó).

1. Kynning á niðurstöðum úr Skólapúlslinum hjá 2. -5.bekk sem lögð var fyrir alla nemendur í þessum árgöngum í október 2025. Niðurstaðan var að 2. Og 4.bekkur koma mun betur út en 3. og 5.bekkur. Farið verður yfir niðurstöður með kennurum og unnin aðgerðaráætlun.
2. Farið yfir niðurstöður úr Skólapúlslinum hjá 6. – 10. Bekk en könnunin var lögð fyrir ákveðið úttak úr þessum árgöngum í september, könnunin er lög reglulega fyrir yfir skólaárið. Niðurstaðan var góð og lang flestir þættir á grænum og höfðu hækkað frá síðustu könnun. Flestar athugasemdir sneru að mat.
3. Á síðasta fundi var fyrir yfir niðurstöður úr vinnu með foreldrum síðasta vor og nú var sýndur afrakstur þeirra vinnu en það er veggspjald með væntingum foreldra til kennara, nemenda og þeirra sjálfra varðandi nám barnanna þeirra og skólaumhverfið. Veggspjaldið verður sent heim til allra foreldrar í byrjun desember og hengt upp á vegg í skólanum til að hægt sé að nýta það til að minna nemendur á til hvers er ætlast af þeim.
4. Farið var yfir helstu niðurstöður úr Íslensku Æskulýðsrannsókninni sem lögð var fyrir á síðasta skólaári en niðurstöður hennar bárust undir lok skólaársins og því ekki tækifæri til að fara yfir þær fyrir skólalok. Foreldrafélagið hefur fengið skýrsluna senda til sín. Hún verður einnig sett á heimasíðuna.
5. Farsældarsáttmálinn- kynnt var sú vinna sem skólinn hefur farið í með foreldrum en markmiðið með þeirri vinnu er að útbúa sáttmála í öllum árgöngum þar sem foreldrar setja sér markmið og reglur varðandi ýmislegt sem tengist þeirra börnum, reglur til að sem flestir geti verið að dansa í takt. Sigríður Inga hefur byrjað alla fundina með 30 mínútna fræðslu áður en farið hefur verið í vinnuna. Búið er að funda með 4 til 7.bekk, fleiri fundir eru áætlaðir á næstu vikum. Fram kom fyrirspurn um hvort til stæði að vera með sambærilega vinnu á næsta ári? Einnig voru foreldrar að velta fyrir sér hvort líðanfundir yrðu síðar á árinu eða ekki? Ekki er búið að taka ákvörðun um hvert framhaldið verður.
6. Jessica kynnt verkefnið Skarðshlíðarjólaskóli – en það er jólasamvera fyrir fjölskyldur í hverfinu sem verður mánudaginn 15. desember milli kl 16:30 og 19:30. Ýmislegt skemmtilegt verður í boði t.d. föndurstofur, leikir í íþróttahúsi, kaffihús, karioki, bíómyndir og fleira. Leikskólinn og tónlistarskólinn ætla að vera með atriði á þessari skemmtun. Foreldrafélagið hefur verið að ganga í stofur og



SKARÐSHLÍÐARSKÓLI

segja frá þessu verkefni sem vonandi sem flestir ná að upplifa. Jessica er mætt með jólatré á bókasafnið sem nemendur munu koma með jólaskraut að heiman til að skreyta það með. Jessica sagði okkur frá qr kóða sem hægt er að nota til að komast inn á síðuna þar sem haldið er utan um þetta verkefni og allar nýjar upplýsingar fara þar inn.

7. Matasalurinn- gerð var hljóðmæling í honum í vetrarfríinu vegna sífelldra kvartana undan miklum hávaða á matartíma. Mælingin kom illa út og því er búið að senda niðurstöður á verkfræðistofu þar sem óskað er eftir tillögum að úrbótum.
8. Gerð var mæling á loftræstikerfi í vetrarfríinu, fram komu ýmsir annmarkar á kerfinu og hefur því einnig verið vísað til verkfræðistofu til að finna leiðir til að bæta loftgæði í skólanum en mikið hefur verið kvartað undan þeim í haust.
9. Fram kom ósk frá nemenda að það mætti ákv oft í viku vera í ipad í frímínútum því það séu alltaf einhverjir sem vilja læra í frímó. Vala benti á að það væri eitt horn upp á unglingagangi þar sem nemendur mega læra og nota ipad, einnig er í boði fyrir unglingana að fara inn á bókasafn og læra þar.

Fleira ekki gert, fundi slitið 16

Ingibjörg Magnúsdóttir